

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Skagafjarðar og 79. gr. l. nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Hitaveita Skagafjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Skagafjarðar.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli skv. 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" – 2¹/₂" mæli skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Skagafjarðar skal, hvenær sem er, frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjörður, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að taka gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 221/1997 fyrir Hitaveitu Sauðárkróks.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur B-hluti nr. 369 26. júní 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld hitaveitu hækka um 3,1%.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson

Katrín Jóhannsdóttir.